

Alþingi

Erindi nr. P 135/1648

komudagur 3.3.2008

DAGSETNING

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
vt. Eiríkur Áki Eggertsson
nefndarritari
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 3. mars 2008 02-2008020742
T-ums 07/08

Umsögn um frumvarp til laga um tekjuskatt - 325. mál - breyting ýmissa laga.

Ríkisskattstjóri hefur þann 15. febrúar 2008 mótttekið bréf yðar dagsett 13. sama mánaðar þar sem farið er fram á að embættið veiti umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, 325. mál, þskj. 508.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvær meginbreytingar á lögum um tekjuskatt nr. 90/2003. Annars vegar eru lagðar til breytingar er lúta að skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum hjá lögaðilum og einstaklingum í rekstri. Hins vegar er lagt til að skattaumsýsla stórfyrirtækja verði færð undir Reykjavíkurdæmi.

Skattlagning söluhagnaðar af hlutabréfum:

Frumvarpið gerir ráð fyrir að 5. mgr. 18. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, verði felld niður. Með þeirri breytingu er lögaðilum og einstaklingum í rekstri ekki lengur unnt að fresta skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum. Gildir þar með 1. mgr. 18. gr. laganna þar sem fram kemur að söluhagnaður skuli skattleggjast á söluári og skiptir þá eigi máli hversu lengi viðkomandi aðili hefur átt hin seldu bréf. Jafnhliða þessari breytingu er lagt til að á eftir 9. tölul. 31. gr. laganna bætist nýr töluliður við, 9. tölul. A, þar sem kveðið er á um að hlutafélög, einkahlutafélög, samlagshlutafélög, gagnkvæm váttryggingar- og ábyrgðarfélög og samvinnufélög hafi heimild til að draga frá skattskyldum tekjum hagnað af sölu hlutabréfa. Er gert ráð fyrir að frádráttarheimildin nái til allra félaga í fyrrgreindum félagiformum sem staðfestu hafa á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ríkisskattstjóri telur rétt að leggja áherslu á að reglan er áfram sú að söluhagnaður er skattskyldur eftir sem áður og að um frádráttarheimild er að ræða en ekki skattfrelsi söluhagnaðar eins og mætti skilja af orðalagi í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins. Rétt er að undirstrika það meginviðhorf sem fram kemur í frumvarpinu að ekki fari saman heimild til þess að draga tekjur frá skattstofni og að auki heimild til uppsöfnunar skattalegs taps við öflun þeirra sömu tekna. Það hefur verið talin almenn grunnregla að rekstrarkostnaður heimilist við öflun skattskyldra tekna og hefur þannig verið byggt á því að skattstofninn væri leiddur fram nettó. Því verður að telja að nokkuð skjóti skökku við, þegar tekjur eru orðnar frádráttarbærar í þeim mæli að einungis stendur eftir neikvæður skattstofn, þ.e.a.s.

rekstrarkostnaðurinn kemur fram sem rekstrarárangur í líki brúttó taps af starfseminni í skattskilum. Þegar til frádráttar skattskyldum tekjum heimilast frádráttur jafnhár söluhagnaði þykir þannig jafnframt eðlilegt að kostnaður sem fallið hefur til samhliða í tengslum við öflun teknanna sé skertur í réttu hlutfalli við heildartekjur þess árs sem frádráttarheimildin er nýtt, þ.e. á söluári skerðist rekstrarkostnaðurinn. Þegar tekjur eru með þessum hætti felldar út úr skattstofni, þ.e. söluverð umfram kaupverð af tiltekinni vöru er frádráttarbært, þá verður að telja að þegar kaupverð hlutabréfa er umfram söluverð á árinu, þá falli sölutap af slíkum viðskiptum niður. Annað fyrirkomulag telur ríkisskattstjóri óeðlilegt og bendir á að í Noregi þar sem söluhagnaður lögaðila af hlutabréfum er skattfrjáls heimilast enginn kostnaður tengdur hlutabréfunum eða öflun þeirra til frádráttar frá öðrum tekjum lögaðilans.

Á árinu 1998 voru gerðar breytingar á þágildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, þannig að lögaðilum og einstaklingum í rekstri var heimilt að fresta skattlagningu á söluhagnaði hlutabréfa. Var tilgangurinn með frestuninni að liðka fyrir um viðskipti með hlutabréf, en fátítt var að slík viðskipti væru stunduð sem aðal tekjuöflun einstakra fyrirtækja eða meginstarfsemin byggðist á því að kaupa og selja hlutabréf í atvinnuskyni. Telja verður að markmiðið hafi verið að gefa einstökum hlutafélögum með þessum frestunarheimildum færi á því að færa fjárfestingar sínar í einu hlutafélagi yfir á annað sem betur félli að starfseminni eða gæfi af sér meiri arðsúthlutun. Frestunarheimild þessari var þannig ekki ætlað að ná til þess þegar meginstarfsemi fyrirtækja byggist á magnkaupum og -sölu verðbréfa. Slíkt væri jafn óeðlilegt og að heimila frestun á skattlagningu hagnaðar af almennum verslunarvarningi eða vöruflökkum, s.s. í bílasölu með því skilyrði að keyptar yrðu nýjar bifreiðar í stað hinna seldu innan skamms tíma. Aftur á móti virtist jafn eðlilegt að bifreiðaumboði væri heimil frestun á söluhagnaði á hlutabréfum í skipafélagi eða viðgerðaverkstæði reyndist sú fjárfesting ekki skila tilskyldum árangri eða stuðningi við kjarnastarfsemina. Vandí var hins vegar uppi, þegar verið var versla með hlutabréf í magnsölu á sama tíma og sami aðili fjárfesti til langs tíma í hlutabréfum. Í báðum tilfellum var hagnaður af viðskiptum skattskyldur, en gerður upp með sitt hvorum hætti, annars vegar þannig að heildarfjárfesting í ársbyrjun var dregin frá stöðunni í árslok og hins vegar að hver einstök sala var gerð upp sem hagnaður eða tap. Í almennum athugasemdum frumvarpsins er að finna greinargóð rök fyrir breytingunum og leyfir ríkisskattstjóri sér að vísa til þeirra.

Stórfyrirtækjaeining

Telja verður orðið löngu tímabært að fylgja þeirri stefnu grannþjóða okkar að skipa saman stórum fyrirtækjum til skattlagningar í einu umdæmi eða einni einingu, þar sem öflugar hópur sérfræðinga tryggir það að sambærilegur rekstur fái, á grundvelli reynslu og þekkingar samhæfðs starfshóps, skjótari og samræmdari úrlausnir en ella væri, þegar eitt og eitt fyrirtæki dreifist á einstök skattumdæmi landsins. Ekki er unnt að draga fjöður yfir það að sá fjöldi sérfræðinga sem skattkerfið hefur yfir að ráða er að langmestum hluta á höfuðborgarsvæðinu. Sérfræðingar skattkerfisins eru auk heldur ekki til skiptanna fyrir þau umdæmi, sem veita þurfa stórfyrirtækjum þjónustu, þannig að gerlegt sé að halda uppi slíkri staðbundinni þjónustu á öllu landinu gagnvart öllum þeim flóknu úrlausnarefnum sem við er að eiga, hvort heldur eiga í hlut reikningshaldslegar eða skattalegar úrlausnir. Hámarks skilvirkni og árangri verður náð með því að þjónusta stærstu fyrirtæki landsins og sérhæfa starfskrafta skattkerfisins í einni einingu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að við embætti skattstjórans í Reykjavík, sem þegar hefur um 70% af stærstu fyrirtækjum landsins í umdæminu, verði sett upp sérstök eining sem annist alla grunnþjónustu ásamt því að álagning og eftirlit falli þar undir. Einingu sem þessari er ætlað að styrkja skattframkvæmd í heild,

Þannig að með hagkvæmum hætti verði unnt að viðhalda þekkingu og þjónustu við stórfyrirtæki og umboðsmenn þeirra án þess að gengið verði á hlut annarra skattgreiðenda með því að skerða þjónustuna við smærri fyrirtæki á sama tíma og hún er aukin annars staðar. Þá er markmiðið með stofnsetningu stórfyrirtækjaeiningar að auka þjónustu við stærstu fyrirtæki landsins og gera þeim auðveldara að fá úrlausn tiltekinna álitamála og fá upplýsingar um túlkun laga og reglna hjá skattýfirvöldum. Ljóst má vera að upptaka stórfyrirtækjaeiningar hlýtur að kalla á einhverja fjölgun starfsmanna og þar með auknar fjárveitingar. Um yrði að ræða mótun nýrra starfsaðferða með nýjum mannskap.

Breytingar á öðrum lögum


Breytingar á öðrum lögum eru gerðar ex tuto, þannig að ljóst megi vera að þjónusta og eftirlit með stórfyrirtækjum taki til allra skatta og gjalda, þannig að lagalegur vafi standi ekki í vegi samfelli í ákvörðunum og eftirfylgni þeirra við hefðbundin verkefni skattstjóra, sem ríkisskattstjóri samræmir og hefur eftirlit með, sbr. ákvæði 101. og 102. gr. laga nr. 90/2003, s.s. hvað varðar verklagsreglur við álagningu, skatteftirlit o.fl.

Þá telur ríkisskattstjóri ekki ástæðu til að gera athugasemdir við 8. gr. frumvarpsins.

Gildistökuákvæði

Telja verður fullljóst að fara verður afar vandlega yfir gildistökuákvæði frumvarpsins en í frumvarpinu var miðað við að lög in tækju gildi á árinu 2007 og kæmu til framkvæmda miðað við áramót. Sjálfsagt má til sanns vegar færa að frádráttarbærni hluta tekna, þ.e. söluhagnaðar, feli fremur í sér hagræði en óhagræði fyrir allflesta, þó ekki verði við öllu séð í þessum efnun. Gildistaka eða að lög komi til framkvæmda um áramót er öllu jafna heppilegasta fyrirkomulagið með tilliti til skattframkvæmdar, þar sem eðlilegur afskurður tekna og kostnaðar á sér stað um áramót. Hitt verður að telja öllu óheppilegra, þegar mismunandi uppgjörsaðferðir eru í gildi á sama ári, ef um það yrði að ræða að frumvarpið yrði að lögum á vorþingi og gildistaka og framkvæmdin væru í rökréttu samhengi við birtingu laganna.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra


Guðrún J. Jónsdóttir


Ingvar J. Rögnvaldsson